

Sameiginlegur fundur SK og SN haldin í K-húsinu 26.nóv. 2008 kl. 21:00

Mættir:

SK: Guðmundur, Þórhildur, Sigurbjörg, Falur, Júlli, Sigga og Lilja. Guðrún boðaði forföll.

SN: Guðný, Brynja, og Helga.

Þjálfarar: Steindór, Jóhanna og Sóley, sem voru boðuð á fundinn

1.mál Fundargerð

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2.mál Upprifjun frá formannafundi SSÍ

Guðmundur upplýsti fundarmenn um efni síðasta formannsfundar SSÍ. Þar kom meðal annars fram að tillögur, ef einhverjar eru, til SSÍ þurfi að berast fyrir lok janúar, þ.e.a.s fyrir næsta sundþing.

3.mál Jólamót og metamót í desember

Ákveðið að hafa Jólamót ÍRB fyrir sundmenn yngri en 12 ára fimmtudaginn 4.desember í Vatnaveröld. Upphitun verður 18:30 og mun mót hefjast kl.18:50.

Allir þátttakendur fá þátttökupening. Jólátónlist verður spiluð og jólasveinar koma í heimsókn. Steindór útbýr töskupóst til sundmanna.

Ekki var tekin ákvörðun um metamót.

4.mál.Jólaglaðningur fyrir helstu styrktaraðila

Ákveðið að senda öllum velunnurum sundeilda jólakort og Sigurjóni bakara mynd af sundmönnum ÍRB.

5.mál.Fjárhagsáætlun ÍRB næsta ári

Ræddum skiptahlutfall (fyrir sameiginlegan kostnað og tekjur) SK og SN og munnleg tillaga borin fram þess efnis að 50% skiptist jafnt á milli deilda og rest í hlutfalli við fjölda sundmanna.

6.mál.Önnur mál.

Vikar, eigandi Lífsstíls, hafði samband við Guðmund og tilkynnti honum það að hann veitti sundmönnum ÍRB 50% afslátt.

Uppgjör Sparisjóðsmótsins er enn ekki lokið, en brýnt að ljúka því hið fyrsta.

Fundi slitið kl.22:10

Fleira ekki rætt

Næsti fundur verður 10.des.

Ritari Guðbjörg Lilja Jonsdóttir.